




Hafnarfirði 15. mars 2015

Erindi: Beiðni um fjárstuðning við forvarnastarf SAMAN-hópsins á árinu 2015

SAMAN-hópurinn er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, stofnana og sveitarfélaga sem láta sig varða forvarnir og velferð barna. Leiðarljós í starfi hópsins eru niðurstöður rannsókna sem sýna mikilvægi og áhrifamátt foreldra í forvörnum.

Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, einkum í tengslum við tímabil og viðburði þar sem hættu er á aukinni neyslu vímuefna meðal unglunga. Stuðningur og hvatning SAMAN-hópsins felst í að vekja athygli á hættum sem ógna börnum og unglingum, benda foreldrum á ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna og að hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar á sérstökum tímamótum. Hópurinn nýtur alla jafna forvarnauglýsingar og bæklinga til að koma skilaboðum sínum á framfæri við foreldra. Dæmi um slíkt er um áramót, vegna útivistartíma barna og unglunga að hausti, Menningarnótt í Reykjavík og útihátíðir sem haldnar eru um verslunarmannahelgar. Undir slagorðinu **18 ára ábyrgð** hefur foreldrum barna sem eru að ljúka grunnskóla verið sent fræðsluefnið **Slakaðu á en slepptu ekki til** stuðnings í uppeldishlutverkinu við þau tímamót þegar barnið hefur nám í framhaldsskóla. Auk þessa ítreka fulltrúar hópsins öll skilaboðin með greinaskrifum og viðtölum í ljósvakamiðlum.



Hópurinn fjármagnar verkefni sín eingöngu með styrkjum. Rétt er að taka fram að allir styrkir til hópsins fara óskiptir til framleiðslu og birtingar á auglýsingum og fræðsluefni. Allt utanumhald og vinna í kringum hópinn er unnin af þeim sem þar eiga sæti, án launa frá SAMAN-hópnum. Forvarnasjóður og Pokasjóður hafa verið styrktaraðilar. Þá hafa Reykjavíkurborg og fjölmörg sveitarfélög veitt hópnum styrki. Verkefnaáætlun hópsins fyrir árið 2015 hljóðar uppá 4.200.000 kr.

Allt kynningarefni sem SAMAN-hópurinn hefur látið útbúa, eins og veggspjöld, póstkort og annað auglýsingaeefni, er ætlað á landsvísi og er sveitarfélögum heimilt að nota það enn frekar í forvarnastarfi án endurgjalds. Kynningarefnið og nánari upplýsingar um SAMAN-hópinn eru á heimasíðu hans www.samanhopurinn.is.

SAMAN-hópurinn vonar að sveitarfélagið ykkar sjái sér fært að styrkja forvarnastarf hópsins um 20.000-600.000 kr. Öll framlög eru vel þeginn.

Hægt er að leggja beint inn á reikning SAMAN-hópsins kt-630801-2570.-Á reikning-0334-13-202649.

F.h. SAMAN-hópsins,



Guðbjörg Magnúsdóttir gjaldkeri hópsins
Verkefnastjórn Forvama Hafnarfjarðarbæjar
Staðarberg 6. 220 Hafnarfirði
s.565 5100 og 6645766

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.3.2015
Málakýll	80.10.1
Mál nr.	1503274

Að SAMAN-hópnum standa: Barnaheill, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg – Velferðarsvið, Akureyrarbær, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Heimili og skóli, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, Landlæknisembættið, Umboðsmaður barna, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, SAMFES, Rauði krossinn, SAMFOK, Vímulaus æska, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Borgarbyggð, Akranes, Fljótsdalshérað, Garðabær, Hafnarfjarðarbær og Þjóðkirkjan